

Kennslumat í fjarnámi haustið 2025

Kennslumatið var lagt fyrir 31. október til 24. nóvember. Könnuninni var nafnlaus Forms- könnun og var dreift í gegnum Moodle. Vakin var athygli á könnuninni í þremur fjöldapóstum til allra fjarnema og fylgdu SMS-skeyti með hlekk á könnunina tveimur þessum póstum.

Alls bárust 415 svör af 3189 skráningum í fjarnámið eða um 13% sem er nokkur bæting frá vorinu 2025 þegar hún var einungis 9,4% en samt verri en árið 2024. Alls voru fjarnemar 1571.


Endurgjöf var send til kennara allra hópa þar sem könnuninni var svarað.

Spurningarnar haustið 2025 voru eins og vorið 2025 og svipaðar og undanfarnar annir.

1. Áfanginn er vel skipulagður
2. Námsáætlun áfangans er skýr
3. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar
4. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr
5. Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga
6. Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni
7. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum
8. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
9. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
10. Ég á auðvelt með að skilja einkunnabók áfangans
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1-10?
12. Hvaða einkunn gefur þú áfanganum á bilinu 1-10?
13. Hvað finnst þér best við áfangann?
14. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, samskipti, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
15. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ?

Dreifing í fjölda þátttakenda

Alls bárust svör frá nemendum úr 86 áföngum af 92.




Að meðaltali bárust um 4 svör úr hverjum áfanga (það var einnig miðgildið).

Þáttökudreifing hópanna svipar mjög til þáttökudreifingarinnar 2024.


Niðurstöður spurninga 1-10

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Allar spurningar voru á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög ósammála, frekar ósammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar sammála og mjög sammála. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.


Spurning 1: Áfanginn er vel skipulagður




Spurning 2: Námsáætlun áfangans er skýr




Spurning 3: Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar




Spurning 4: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr




Spurning 5: Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga




Spurning 6: Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni




Spurning 7: Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum




Spurning 8: Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni



Spurning 9: Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega



Spurning 10: Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans



Rýnt í niðurstöður spurninga 1-10.

Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru þeim, kemur í ljós að nemendur eru mest sammála því að námsáætlun áfangans sé skýr en síst sammála um endurgjöf kennara.


Spurning	Sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	83%	5%	12%
Áfanginn er vel skipulagður	82%	5%	13%
Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans	80%	11%	9%
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	77%	7%	16%
Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	76%	5%	19%
Kennarinn skilar fljótt inn einkunn fyrir próf/verkefni	72%	14%	14%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	71%	19%	10%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	69%	23%	8%
Kennari setur reglulega tilkynningar og hvatningu inn í áfanga	63%	14%	23%
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum	52%	25%	23%

Þessi svörun er mjög í takt við svör undanfarnar annir þar sem nemendur eru mjög ánægðir með námsáætlun og skipulag áfanga en síður ánægðir með endurgjöf kennara. Á haustönn 2025 var gert innra mat þar sem skoðað var með hvaða hætti endurgjöf er háttað á Moodle. Það er ekki alveg ljóst af þeirri könnun hverju nemendur kvarta yfir. Gæðastjóra finnst þörf á því að breyta spurningum í kennslukönnun vorannar 2026 þannig að hún varpi betur ljósi á tvær síðustu fullyrðingarnar.

Niðurstöður spurningar 11

Nemendur gáfu kennurum sínum hærri einkunnir en áföngum. Meðaleinkunn kennara var 7,9 og miðgildið 8. All gáfu 81% nemenda kennurum sínum einkunnina sjö eða hærra.


Einkunnir sem nemendur gáfu kennurum sínum í kennslukönnun fjarnáms haustið 2025



Niðurstöður spurningar 12

Að meðaltali gáfu nemendur áföngum sínum einkunnina 7,5 og var miðgildið 8,0 sem er nánast sama niðurstaða og vorið 2025. Tæplega 75% nemenda gáfu áföngum sínum einkunnina sjö eða hærra sem er svipað eins og vorið 2025

Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms haustið 2025



Niðurstöður spurningar 13

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan námsefnið, kennslubókina, kennarann, uppsetningu áfangans á Moodle og verkefnið.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör:

- *Að hann er vel uppsettur/ skipulagður. Það er gott að hafa viðhæfilega mörg verkefni við hvert tímabil.*
- *Mér finnst gott að við getum takið próf hvenær sem er yfir ákveðinn tíma af því að þá er ég ekki jafn stressaður og mér gengur betur.*
- *Þetta er frábær áfangi sem er kenndur þannig að hann gagnist okkur sem allra best. Ég elska þennan áfanga. Kennarinn er frábær, með góð útskýringavideo, hvatningu og stuðning alla leið. Námsefnið er mjög lærdómsríkt og gagnlegt og á eftir að nýtað mér ævilangt. Takk fyrir þennan frábæra áfanga og þennan frábæra kennara.*

Niðurstöður spurningar 14


Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle, skýrleika í verkefnalýsingum og kennslufni og virkni kennarans.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:


- *Það má endilega laga virkni kennarans við nemendur í fjarnámi varðandi hverja lotu fyrir sig, hann hefur ekki póstað neinu inn á áfanga síðan í upphafi haustannar. Verkefni eru oft með stafsetninga villum og dæmin skringilega útskýrð svo erfitt er að gera dæmin af því stundum er bókstaflega ekki hægt að vita hvað hann er að byðja um. Einnig svarar hann ekki skilaboðum á Moodle og nám áfangans kemur mjög óskýrt fram þar sem mér finnst margt vera illa skipulagt í kringum verkefni.*
- *Eitt sem var virkilega að rugla fyrir mér er það að voru nokkur hugtök, formúlur og aðgerðir sem voru kannski kennd í grunnskóla voru ekkert útskýrð. Þannig að það voru nokkrar aðferðir til að reykna dæmin sem mér hefði í rauninni aldrei dottið í hug vegna þess að það er svo langt síðan að ég hef notað þau.*
- *Óskýrt feedback á verkefnum, óskýrar spurningar í verkefnum og frekar furðulegt og erfitt að hafa engan möguleika á sjúkraprófum.*

Niðurstöður spurningar 15

Flestir svarenda eru að vanda ekki í neinu öðru námi en fjarnámi FÁ. Sé hlutfallið yfirfært á alla nemendur í fjarnámi FÁ þá er um 800 manns að ræða. Það sýnir fram á mikilvægi fjarnáms FÁ því þarna er stór hópur nemenda sem engir aðrir framhaldsskólar ná til.



Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur voru skráðir í 25. nóvember 2025



Myndin hér fyrir ofan sýnir nákvæmlega sömu niðurstöður og undanfarnar annir. Langflestir fjarnemar skrá sig í 1-2 áfanga og rétt rúmlega 3% nemenda eru skráðir í sex eða fleiri áfanga.

Lokaorð

Þátttakan í kennslumati fjarnáms haustið 2025 var mun betri en vorið 2025 (13% á móti 9,4%). Þátttakan hefur ekki náð sömu hæðum og árið 2024 (14% að meðaltali báðar annir) en er samt betri en árið 2023 (að meðaltali 7% báðar annir).

Gæðastjóra þykir ljóst að það þurfi að breyta spurningum í kennslukönnun vorannar 2026 til að sú könnun varpi betur ljósi á endurgjöf kennara á verkefni og tilkynningar og hvatningu kennara á Moodle.

Það verður áfram verðugt viðfangsefni fyrir skólann að hækka þátttökuhlutfallið í kennslumati fjarnáms.

Reykjavík í febrúar 2026

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri